

VINNUSTAÐASAMNINGUR

milli Mjólkursamsölnunnar (MS) og starfsfólks innan aðildarfélaga SGS

Vinnustaðasamningur þessi er byggður á 5. kafla aðalkjarasamnings milli SA og SGS um fyrirtækjapátt kjarasamninga, að öðru leiti gildir aðalkjarasamningur SGS og SA. Samningurinn á að fela í sér tækifæri fyrirtækis til ávinnings með því að semja við starfsfólk um sérstakt fyrirkomulag sem ekki birtist í kjarasamningi. Að sama skapi skal starfsfólk njóta hlutdeildar í slíkum ávinningi. Með þessum samningi verður lögð áhersla á að einfalda yfirsýn þannig að samningur þessi gildir aðeins um það sem ekki birtist í kjarasamningi eða þörf er á að skýra frekar. Samkomulag þetta gildir frá 1.4.2017.

1. UM KAUP

Launaflokkar

Í stað launaflokks 3-6 skv. kjarasamning raðast allt iðnverkafólk MS í launaflokk 12. Í stað launaflokks 11 skv. kjarasamning raðast mjólkurbílstjórar MS í launaflokk 13. Aðrir bílstjórar hjá MS raðast einnig í launaflokk 13.¹

Deilitala dagvinnukaups

Í stað þess að deila tímakaupi í dagvinnu í 173, 33 skv. kjarasamning skal deila í 171, 5 í mánaðarkaup til að finna út tímakaup í dagvinnu.

Vaktaálag mjólkurbílstjóra

Mjólkurbílstjórar MS fá greidda dagvinnu fyrir laugardagsvinnu, en vegna vinnu á laugardögum er einnig greitt 45% vaktaálag á unnar 8 klukkustundir í dagvinnu. Aukagreiðsla þessi greiðist sjálfstætt og myndar ekki stofn fyrir yfirvinnu.

Starfsaldurshækkunir

Starfsreynsla skal meta til launaprepa skv. launaákvæðum samnings þessa. Starfsaldur, mv. starfsreynslu í sömu starfsgrein, skal metinn skv. staðfestum upplýsingum um fyrri störf, og skal þar gilda þótt starfshlé úr greininni verði allt að 5 árum, í stað 3 ár í kjarasamningi.

Í almennum kjarasamningi eru byrjunarlaun iðnverkafólks miðuð við 20 ára aldur og samkvæmt eins árs starfsaldursþrepi fyrir 22 ára og eldri. Hjá MS eru laun iðnverkafólks 18 ára samkvæmt 1. árs starfsaldursþrepi, starfsmenn MS sem náð hafa 22 ára aldri taka laun samkvæmt 3. ára aldursþrepi og starfsmenn sem náð hafa 25 ára aldri taka laun samkvæmt 5 ára aldursþrepi.

¹ Með breytingum á launaflokkaröðun er skiptivaktaálag sett að hluta inn í dagvinnugrunninn auk hluta af vinnuskyldugreiðslu. Forsendur fyrir skiptivöktum með breytilegum byrjunartíma vinnudags og fyrir vinnuskyldu á laugar- og sunnudögum og helgidögum, standa áfram óbreyttar samkvæmt viðkomandi samningsgreinum þessa samnings.

Taxtar iðnverkafólks	Kjarasamningur	MS
Byrjunarlaun	20 ára	
1 árs starfsaldursþrep	22 ára	18 ára
3 ára starfsaldursþrep		22 ára
5 ára starfsaldursþrep		25 ára

Í almennum kjarasamningi miðast laun 22 ára bílstjóra samkvæmt 1. árs starfsaldursþrepi. Á sama aldri taka mjólkurbílstjórar MS laun samkvæmt 3 ára starfsaldursþrepi. Þeir sem eru 25 ára eða eldri taka laun samkvæmt 5 ára starfsaldursþrepi, að öðru leyti gildir starfsaldursþrepaflán óbreytt. Starfsaldurshækkun miðast við samfelld starf við sambærilegan akstur hjá öðrum atvinnurekendum sem viðkomandi atvinnurekendur staðfesta.

Sérstakt starfsaldursálag MS á dagvinnulaun

Greiða skal sérstakt starfsaldursálag á dagvinnulaun samkvæmt starfsreynslu. Starfsaldursálagið myndar ekki grunn til yfirvinnu og greiðist alla mánuði ársins; af aldursálagi greiðist ekki orlof.²

Sérstakt starfsaldursálag skal greiða á dagvinnulaun samkvæmt eftirfarandi töflu:

Starfsaldur	Sérstakt starfsaldursálag MS	
	Mjólkurbílstjórar	Iðnverkafólk
Byrjunarlaun	4,30%	6,68%
Eftir 1 ár	5,11%	8,03%
Eftir 3 ár	5,85%	9,83%
Eftir 5 ár	9,46%	13,41%
Eftir 7 ár	15,30%	17,63%

2. UM VINNUTÍMA

Dagvinna

Dagvinna skal vera 40 klst. á viku eða 8 klst. á dag unnin á tímabilinu 06:00 -19:00 mánudaga til föstudaga, í stað dagvinnu frá 07:00 – 17:00 skv. kjarasamning.

Ef vinna hefst klukkan 06:00 skal dagvinnu lokið eftir 7 klukkustundir; ef vinna hefst klukkan 05:00 skal dagvinnu lokið eftir 6 klukkustundir; ef vinna hefst klukkan 04:00 skal dagvinnu lokið eftir 5 klukkustundir og ef vinna hefst klukkan 03:00 skal dagvinnu lokið eftir 4 klukkustundir.³

² Starfsaldursálag kemur í stað eldri kaupauka á Selfossi, og á Akureyri í stað hluta af vinnuskyldu-greiðslu, biðgjalds, frídaga milli jóla og nýárs, veikindabónusa og 4 aukafríðaga að vetri.

³ Dæmi: Ef starfsmaður mætir til vinnu kl. 06:00 og vinnur til 13:00 fær hann greidda 8 dagvinnutíma. Ef starfsmaður mætir til vinnu kl. 03:00 og vinnur til 07:00 fær hann sömuleiðis greidda 8 dagvinnutíma.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "MS", "A", and "B".

Vinnuskylda

Starfsmönnum ber skylda til að vinna á laugar-, sunnu- og helgidögum sé þess þörf. Vegna vinnuskyldunnar skal greiða samtals 9,22% álag á föst mánaðarlaun. Vinnuskyldugreiðsla þessi hefur ekki áhrif á afleidda launataxta eða aðrar greiðslur.

Greiðslur vegna vinnuskyldu eru óháðar því, að hvaða marki vinnuskyldan er notuð og skulu þær ekki felldar niður þó vinnuþörf minnki eða hverfi á fyrrnefndum dögum.

Sé helgidagur unninn skal leitast við að tilkynna það með a.m.k. 5 daga fyrirvara.

Sérákvæði vegna mjólkurbílstjóra

Aðfangadag jóla, gamlársgdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal dagvinnu lokið eftir 4. klst. vinnu.

Frí vegna vinnu á aukahelgidögum. Vinna 1. maí

Þeir sem vinna á aukahelgidegi fá frídag (dagvinnukaup) í samræmi við vinnuframlag á þeim degi. Fyrir vinnu þann 1. maí greiðist stórhátíðarkaup. Afleysingafólk yfir jól og páska fær greitt samkvæmt unnum stundum.

Ef starfsmanni er skipað að nýta aukafrídaga skal það tilkynnast með minnst viku fyrirvara.

Skráning vinnutíma

Starfsmenn skulu stimpla sig inn að loknum fataskiptum að morgni, en þeim skal heimilt að nota allt að 10 mínútum í lok vinnudags til fataskipta og síðan að stimpla sig út.

Sé stimpilklokka á vinnustað er heimilt að kaup sé greitt eftir mældum viðverutíma skv. henni.

Starfsfólki er heimilt að nálgast upplýsingar um tímaskráningar til verkstjóra.

Greiðslur vegna prufutöku mjólkursýna

Greiða skal mjólkurbílstjórum 10,83 klst. í yfirvinnu á mánuði vegna prufutöku og annarra þjónustuverkefna sem mjólkurbílstjórum eru falin.

3. UM MATAR- OG KAFFITÍMA

Matar- og kaffitímar iðnverkafólks

Matar- og kaffitímar iðnverkafólks skulu veittir í samræmi við ákvæði 20.5.1.1.

Samkomulag er um að hádegismatartími bílstjóra sé 30 mínútur. Hádegismatartíma skal veita á tímabilinu kl. 12:00 – 13:00. Auk hádegismatartíma hafa bílstjórar rétt á einu sinni 20 mínútur og einu sinni 15 mínútur til kaffidrykkju, og reiknast kaffitími til vinnutíma.

Fæðispeningar mjólkurbílstjóra

Þeir mjólkurbílstjórar MS (istarf 8324.12) sem ekki ná til heimila sinna á matmálistímum, skulu hafa frítt fæði og enn fremur gistingu sér að kostnaðarlausu. Sé ekki kostur á að kaupa fæði skal greiða mjólkurbílstjórum sem svarar fæðispeningum verkamanna fyrir eina máltíð með 80% álagi. Ef vinnudagur fer yfir 10 klukkustundir þá skal greiða fæðispeninga fyrir 2 máltíðir og kemur álag þá ekki á greiðslu fyrir seinni máltíðina.

4. UM ORLOF

Orlof

Samkvæmt almennum kjarasamningum skal starfsmaður sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein eiga rétt á orlofi í 25 daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Eftir 5 ára starf hjá MS skal starfsmaður hins vegar eiga rétt á orlofi í 26 virka daga eða 11,11% af öllu kaupi.

Áunnir aukafrídagar skulu teknir utan orlofstímabils.

Önnur ákvæði um orlof, svo sem orlofstímabil og viðbótarorlof eru samkvæmt kjarasamningi SA og SGS.

5. UPPSAGNARFRESTUR

Uppsagnarfrestur

Samkvæmt almennum kjarasamningum er uppsagnarfrestur 3 mánuðir eftir 3 ára starf. Hjá MS ávinnt uppsagnarfrestur 30 mánuðum fyrr eða eftir 6 mánaða samfelld starf. Þó skal tekið fram að þetta á ekki við um starfsfólk í afleysingum eða í tímabundnu starfi. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur.

Önnur ákvæði um uppsagnir eru samkvæmt kjarasamningi SA og SGS.

6. UM GREIÐSLU LAUNA Í VEIKINDA- OG SLYSATILFELLUM

Um laun í veikindatilfellum starfsmanna

Samkvæmt almennum kjarasamningum á starfsmaður sem veikist eða slasast, eftir eins árs samfelld starf hjá sama vinnuveitanda, rétt á eins mánaðar staðgengilslaunum. Eftir tvö ár greiðist einn mánuður með staðgengilslaunum og einn mánuður á dagvinnulaunum.

Starfsmaður MS sem veikist eða slasast eftir að hafa unnið fulla 6 mánuði, fær greitt staðgengilskaup í einn og hálfan mánuð. Eftir eins árs starf lengjast réttindi þessi í 3 mánuði.

Réttindi í vinnuslysa- og atvinnusjúkdómaforföllum

Starfsmaður sem forfallast frá vinnu vegna slyss við vinnu, á beinni leið til og frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma, sem orsakast af henni, skal halda dagvinnulaunum í allt að þrjú mánuði til viðbótar framangreindu á hverju 12 mánaða tímabili.

Læknisskoðun, vottorð

Starfsmaður skal á eigin kostnað sýna vottorð um heilbrigði sitt þegar hann tekur við starfi. MS býður í kjölfarið árlega gjaldfrjálsa læknisskoðun á vinnustað til að uppfylla kröfur um heilbrigði í matvælavinnslu. Ef starfsmaður kys að sækja þjónustu vegna þessa hjá öðrum lækni fellur sá kostnaður á starfsmanninn sjálfan.

7. VINNUFATNAÐUR

Iðnverkafólk

Leggja skal starfsmönnum til, þeim að kostnaðarlausu, hvít vinnuföt og þvott á þeim, skó og vaðstígvél. Starfsmönnum sem vinna í kældum rýmum skal leggja til kuldagalla. Starfsmenn sem starfs síns vegna þarfnast vinnuvettlinga skulu fá þá eftir þörfum, sér að kostnaðarlausu.

Bílstjórar

Atvinnurekandi leggur fastráðnum bílstjórum að auki til, þeim að kostnaðarlausu buxur, skyrtur, peysur, úlpu, jakka og vinnuvettlinga eftir þörfum. Atvinnurekandi leggur enn fremur hverjum og einum bílstjóra til kuldásamfesting árlega.

8. STARFSLOK

Sveigjanleg starfslok

Almennt gildir að ráðningasamningum starfsfólks MS lýkur við 70 ára aldur án uppsagnar. Horft verður á starfslok sem sveigjanlegt ferli þar sem tekið er tillit til aðstæðna hvers og eins. Ef starfsgeta og áhugi er fyrir hendi er gerður sérstakur samningur um áframhaldandi vinnuframlag.

9. GILDISSVIÐ OG GILDISTÍMI

Vinnustaðasamningur þessi kemur í stað allra fyrri samninga, bókana og annarra ákvæða sem gilt hafa um kjör félagsmanna Stéttarfélags Vesturlands, Bárán stéttarfélag, AFL starfsgreinafélags og Eining-löjja hjá Mjólkursamsölnunni.


Að öðru leyti gilda almenn ákvæði í aðalkjarasamning SGS og SA, þ.m.t. kaflar 16 og 20.

Hafi starfsmenn hærrí kaup, aðrar vinnutímareglur, hlunnindi eða fríðindi, en vinnustaðasamningur þessi eða kjarasamningur kveður á um, verður þeim kjörum ekki breytt án uppsagnar á ráðningar-kjörum.

Samkomulagið gildir frá 1.4.2017 og er uppsegjanlegt samkvæmt grein 5.7 í aðalkjarasamningi SGS og SA.

Reykjavík 11.4.2017.

Fyrir hönd starfsmanna


Björn Jón Sveinsson
Sigrún J. Hammadóttir

Fyrir hönd Mjólkursamsölnunnar


Maga Guðrún Brysdóttir

